

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 30. ágúst 2023 kl. 19.30, á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Tryggvi M Þórðarson KK, Baldur Haraldsson BS og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

1. Velja formann ráðsins

Stungið upp á AS, tillaga samþykkt.

2. Keppnishaldið í sumar

Hefur að mestu gengið vel á keppnisdögum en það virðist sem undirbúningi hafi verið áfátt við keppni ársins aðrar en hjá Bílaklúbb Skagafjarðar (BS), sem og skortur á starfsfólki.

Aðeins hefur verið um að óviðkomandi bílar hafi verið á ferð inni á lokaðri sérleið. Mikilvægt er að rétt viðbrögð við þessum aðstæðum séu brýnd fyrir keppnishöldurum og keppendum.

Eitt af því sem hefur vantað uppá, annarstaðar en hjá BS, er útgáfa leiðarabókar. Benda má á lausn hjá www.rallynavigator.com sem er einkar einföld og þægileg í notkun, en hún var notuð af BS.

3. Tímatökubúnaður

Fjögur rafræn tæki voru notuð í keppni BS til tímatöku, þróuð og smíðuð hérlendis. Gögn úr þeim eru í vinnslu, en aðeins virðist þurfa að þróa það betur áður en hægt verður að styðjast við þau til að fá fram úrslit í keppni.

Keppnisráðið beinir þeim eindregnu tilmælum til keppnishaldara að vinna áfram í að þróa þennan búnað svo hægt verði að nýta hann sem fyrst við keppni.

4. Reglubreytingar í vetur

Safna þarf saman tillögum að nauðsynlegum breytingum á reglum og ræða sérstaklega á fundi eftir lok keppnistímabilsins, en skila þarf breyttum reglum til AKÍS fyrir formannafund í nóvember.

5. Önnur mál

Fundur í lok tímabils – stefnum á að halda opinn fund fimmtudaginn 28. september til að fá skoðanir keppenda og annarra, sem og tillögur að reglubreytingum.

Buggy – skoða þarf hvernig best er að koma þessum tækjum í keppni, þ.e. hvar í reglum gera þarf breytingar til að þau passi inn.

Fundi slitið kl. 20.37

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson